

Helstu fréttir

Sveitarfélagið Stykkishólmur

Tölublað 6

2. október 2023



Mynd: Sumarliði Ásgeirsson

Kosningum í dreifbýlisráð lokið

Í aðdraganda sameiningar Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar lagði samstarfsnefnd til að sett yrði á fót sérstakt dreifbýlisráð til tryggja áhrif íbúa í dreifbýli á stjórnsýslu sameinaðs sveitarfélags og koma til móts við áhyggjur

íbúa svæðisins. Kosningar í dreifbýlisráð fóru fram dagana 9. og 23. september síðastliðna og liggja nú úrslit fyrir. Aðalmenn eru Lára Björg Björgvinsdóttir og Álfgeir Marinósson, varamenn eru Guðrún K. Reynisdóttir og Guð-

mundur Hjartarson. Þá samþykkti bæjarstjórn á 17. fundi sínum, 28. september síðastliðinn, að Ragnar Ingi Sigurðsson verði fulltrúi bæjarstjórnar í dreifbýlisráði og Ragnar Már Ragnarsson til vara. Kosningarétt höfðu íbúar innan sve-

itarfélagamarka Helgafellssveitar eins og þeim er lýst á sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá 2014 og íbúar með búsetu í Ögri. Kjörgengir í dreifbýlisráð voru þeir sem hafa skráð lögheimili í þeim hluta sveitarfélagsins.



Gengið frá hellulögn fyri utan nýja hjúkrunarheimilið að Austurgötu 7

Hjúkrunarheimilið flutt á Austurgötu

Föstudaginn 15. september sl. flutti starfsemi hjúkrunarheimilis frá Skólastíg 14 í nýuppgerft og glæsilegt hjúkrunarheimili að Austurgötu 7. Eins og þekkt er var stefnt var flutningum hjúkrunarheimilis frá Skólastíg að Austurgötu mánaðamótin júlí/ágúst en flutningar drógust á meðan gengið var frá lausum endum og beðið

eftir úttekt á húsnæðinu. Þriðjudaginn eftir flutninga leit bæjarstjóri við í kaffi á hjúkrunarheimilið og færði starfsfólki og íbúum köku í tilefni af flutningum. Ekki var annað að sjá og heyra en að flutningar færu vel í fólk og almenn ánægja með nýja heimilið. Á skólastíg 14 mun sveitarfélagið reka Miðstöð

öldrunarþjónustu þar sem meðal annars verður starfrækt mótuneyti sem eldar fyrir eldri borgara og grunnskólann. Eins og foreldrar grunnskólubarna þekkja vel varð frestun á flutningum hjúkrunarheimils til þess að sveitarfélagið hefur ekki haft húsnæði til umráða til að reka mótuneyti og hafa því grunnskólubörn þurft

að hafa með sér hádegismat að heiman á meðan sú staða var uppi. Frá flutningum hjúkrunarheimilis hefur verið unnið að breytingum á eldhúsinu á Skólastíg og uppfærslu á búnaði. Föstudaginn 28. september var eldhúsið svo tekið til notkunar og fengu því grunnskólubörn langþráða heita máltíð í hádeginu þann daginn.





Anna Melsteð, Finnur Arnarsson og Hjödís Páls.



Tveir ungir í nammisölu.

Sannkölluð menningarhelgi í Stykkishólmi

Óhætt er að segja að síðasta helgin í september hafi verið sannkölluð menningarhelgi en þá opnuðu þrjár nýjar sýningar í bænum. Tvær í Norska húsinu og ein í Amtsbókasafninu. Ný grunnsýning var opnuð í Norska húsinu og leysir af hólmi fyrri grunnsýningu safnsins

sem staðið hefur yfir á miðhæð hússins síðan árið 2001. Byggðasafnið hlaut öndvegisstyrk Safnaráðs árið 2020 til að ráðast í gerð nýrrar grunnsýningar sem hefur nú verið opnuð. Anna Melsteð þjóðfræðingur í Stykkishólmi var ráðin sem sýningarstjóri og Finnur Arnar

Arnarsson er sýningarhönnuður. Sýningin ber heitið „Hjartastaður - Sjóndeildarhringurinn með augum ungs fólks á Snæfellsnesi frá 1900“ Sama dag opnaði einnig í Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla sýningin Solander 250:Bréf frá Íslandi. Sýningin hefur ferðast um landið en

hún mun teygja anga sína um tólf listasöfn og sýningarsali um allt land frá haustinu 2022 og enda í Svíþjóð 2024. Sýningin er samstarfsverkefni félagsins Íslensk grafik og sænska sendiráðsins á Íslandi.



Heilsudagar í Hólminum

Heilsudagar í Hólminum voru haldnir dagana 21. - 30. september í tilefni af íþróttaviku Evrópu sem haldin er víðsvegar um álfuna í september á ári hverju. Markmið vikunnar er að kynna íþróttir og hreyfingu fyrir almenningi og er hún ætluð öllum

óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Sérstök áhersla er lögð á að höfða til grasrótarinnar og að hvetja íbúa til þess að hreyfa sig reglulega. Meginmarkmið sveitarfélagsins þessa daga var að kynna allt það góða starf sem nú þegar er í boði, en jaf-

nframt vekja athygli á öðrum möguleikum til hreyfingar á svæðinu. Heilmikil dagskrá var sett saman í tilefni heilsudaga og fjöldi fólks tók þátt í viðburðum af ýmsu tagi og því ljóst að heilsudagar í Hólminum eru komnir til að vera.

Opið fyrir styrkumsóknir

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Stykkishólms auglýsir eftir styrkumsóknum frá einstaklingum og fyrirtækjum í samræmi við reglur um styrkveitingar. Markmiðið með styrkjunum er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagsamtaka og framtak einstaklinga sem stuðla að farsælli þróun samfélagsins, menningarlífs, lífsgæðum og fjölbreytlegu mannlífi og öflugu íþrótt- og æskulýðsstarfi. Nánari upplýsingar á stykkishomur.is Umsóknarfrestur er til og með 9. október.



Myndin tengist fréttinni ekki beint en sýnir þó að það er ekki bara unga fólkið sem kann að skemmta sér:

Félagsstarf 60 ára og eldri komið á fulla ferð

Félagsstarf 60 ára og eldri hófst á ný eftir sumarið mánudaginn 18. september síðastliðinn með kaffisþjalli Aftanskisins í Setrinu. Félagsstarfið hefur löngum þótt afar blómlegt í

Stykkishólmi og horfa margir öfundaraugum á Hólmarar hvað þessi mál varða sem og önnur. Meðal þess sem félagsstarfið býður upp á er kaffisþjall, söngstund, sundleikfimi, heilsu-

efling, saumaklúbbur, snillismiðja, spil og margt fleira. Hólmarar 60 ára og eldri eru hvattir til að taka þátt í þessu öflugastarfi og njóta samveru með góðu fólki í fallegu umhverfi. Nánar á

www.stykkisholmur.is

Fréttir og umbrot blaðsins annast Jón Sindri Emilsson aðstoðarmaður bæjarstjóra.



Ritað undir verksamning vegna Víkurhverfis

Miðvikudaginn 27. september síðastliðinn var verksamningur vegna Víkurhverfis undirritaður. Samningsaðilar eru Sveitarfélagið Stykkishólmur, Veitur ofh., Míla hf., Rarik ohf. sem saman eru verkkauppar og kaupavinnu af

BB og Synir ehf. en BB var eina fyrirtækið sem bauð í verkið. Fyrsta tilboði var þó hafnað þar sem tilboðið var 30,5% yfir kostnaðaráætlun. Á grundvelli viðræðna lagði BB fram endurskotið tilboð, sem var 15,7% yfir kost-

naðaráætlun en því var jafnframt hafnað. Frekari viðræður aðila leiddu til þess að BB lagði fram nýtt tilboð sem var 5,4% yfir kostnaðaráætlun og var gengist við því. Verkið felur í sér jarðvinnu við götur í hinu fyrirhugaða Víkurh-

verfi, ásamt lagningu frárennslis-, vatns-, hitaveitu-, og fjarskipitalagna og jarðvinnu fyrir rafmagnslagnir. Verklök eru samkvæmt samningi 15. apríl 2024.